

EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni ehf Frævinnslan



Dags eftirlits	15.1.2016	Fulltrúi UST	Hrönn G. Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	ORF Líftækni ehf	Fulltrúi UST	
Heimili	Víkurbær 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420201-3540	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Ásta Agnes Jóhannesdóttir	ÍSAT nr.	01.10.1
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	Grindavík

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engin athugasemd var gerð við starfsemina. Staðfest var að leyst hefur verið úr athugasemdum frá síðasta eftirliti, 2013.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

1. Skoðunarferð - Mengunarvarnir, afmörkunarráðstafanir, frárennsli, meðhöndlun úrgangs og spilliefna.
2. Umfang starfseminnar og öryggisráðstafanir.
3. Niðurstöður eftirlits 2013. Úrlausn athugasemda.
4. Skráning og skýrslur - Skráning úrgangs, vinnudagbók, rekstrarskýrsla ársins 2014.
5. Áætlanir.

Eftirlitið hófst á skoðunarferð um húsnæði Frævinsslunnar. Farið var yfir mengunarvarnir, afmörkunarráðstafanir, frárennsli og almennan frágang og öryggisráðstafanir. Í húsnæðinu er loftræstikerfi og starfsmenn reyna að tryggja að engin fræ berist út úr húsnæðinu með því að halda gluggum og dyrum lokuðum og með tilheyrandi þéttibúnaði. Fulltrúi eftirlitsaðila athugar vikulega hvort lífverur finnast utan húsnæðisins en það hefur aldrei gerst. Fræhæld vírnet eru í öllum niðurföllum í húsnæðinu. Utan við innganginn er læstur ruslagámur og er losað úr honum til brennslu. Öryggiskerfi og þvottaaðstaða voru skv. starfsleyfi. Breytingar hafa ekki orðið á aðstöðunni frá síðasta eftirliti.

Eftir skoðunarferð fóru eftirlitsmaður og fulltrúi starfsleyfishafa yfir ýmis ákvæði starfsleyfis á fundi. Í rekstrarskýrslu, sem eftirlitsmaður og fulltrúi starfsleyfishafa fóru yfir, er staðfest að frævinnslan og úrgangur er innan starfsleyfismarka. Breytingar hafa ekki orðið á rekstri Frævinsslunnar frá síðasta eftirliti og engin slys eða mengunaróhöpp átt sér stað. Skógeymsla er nú staðsett við inngang og bæði starfsleyfi, áætlanir, rekstrarskýrsla og öryggisblöð lágu frammi á starfstöðinni (sjá athugasemdir frá eftirliti 2013). Vinnudagbók er rafræn líkt og hjá Grænu smiðjunni. Farið var stuttlega yfir áætlun um rekstrarstöðvun og viðbragðsáætlun vegna dreifingar erfðabreyttra fræja. Í ljós kom að aðeins eldra eintak viðbragðsáætlunar var aðgengilegt útprentað, en Umhverfisstofnun hefur fengið nýrri útgáfu senda (frá 8. janúar 2015). Fulltrúi starfsleyfishafa hugðist bæta úr þessu eftir eftirlitsferðina. Öllum gögnum og áætlunum skv. starfsleyfi hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar.

ANNAÐ

Samkvæmt gr. 4.3 í starfsleyfi skal Frævinnslan setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Ekki fengust skýr svör um stöðu þessara mála í eftirlitinu, en eftir eftirlitsferðina fékkst staðfest að ORF Líftækni er að vinna að innleiðingu ISO 9001 og GMP staðla og nær innleiðingin yfir starfsemi Fræverkunarinnar. Áætlað er að innleiðingu og framkvæmdum tengdum henni ljúki á þessu ári. Því var ekki talin ástæða til að gera athugasemd við þessa grein að svo stöddu.

Eftirlit í Frævinsslunni fór fram að loknu eftirliti í Grænu smiðjunni, en ekki er leyfilegt að fara úr húsnæði Frævinsslunnar í Grænu smiðjuna án þess að fara í sturtu á milli.

Reykjavík, 18.01.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Hrönn G. Guðmundsdóttir